



SÖLÚ

SKRÁ

SWER

2019

Gleðilegt veiðisumar

Ágætu veiðimenn- og konur.
Á dimmasta tíma ársins er tilvalið
að láta hugann reika til komandi
sumars og skipuleggja fjölbreyttar
veiðiferðir með góðum vinum,
félögum og fjölskyldu.

Upplýsingatákn um veiðisvæði



Í söluskrá SVFR 2019 er að finna fjölbreytt úrval veiðileyfa í lax- og silungsveiði um land allt. Söluskránni fylgir flóðatafla og dagatal yfir opnanir ársvæða innan raða SVFR.

Dagar sem eru til úthlutunar er að finna í söluskránni ásamt úthlutunarreglum sem er gott að kynna sér vel. Einnig er að finna sutta lýsingu á veiðisvæðunum og þjónustu sem er í boði en ítarlegri upplýsingar er að finna á vef SVFR, s.s. veiðikort, leiðarlýsingar og fleira.

Veiðisvæði SVFR koma og fara. Laugardalsá er nýr og spennandi fjölskylduvænn kostur og spennandi verður að sjá hvernig gengur í Soginu næsta sumar. Netaveiði verður ekki lengur heimil neðar á vatnasvæðinu til að hindra göngu laxins og veiðimenn munu njóta þess. Of langt mál væri að telja hér upp öll þau frábæru straumvötn sem félagsmönnum SVFR stendur til boða á veiða í á næsta ár en

Elliðaárnar eru ofarlega í huga margra, Langá, Straumfjarðará og fleiri glæsilegar ár. Urriðasvæðin í Laxá fyrir norðan eru á heimsmælikvarða og njóta vaxandi vinsælda en þeir sem veiða í Laxá verða ekki samir eftir að hafa glímt við risavaxna urriða í þungum straumi.

Aðdráttarafl íslenskra vatna er einnig mikið og á hverju sumri draga þau fjölmarga til sín sem njóta íslenskrar náttúru þegar hún skartar sínu fegursta. Í fimmtán ár hefur Veiðikortið veitt stórum hópi veiðimanna tækifæri á að nóta útivistar við góð silungsveiðivötn víðs vegar um landið gegn sanngjörnu gjaldi. Hagstæðari veiðileyfi er ekki að finna og því klókt að haka við Veiðikortið á nýjum umsóknarvef SVFR þegar sótt er um um veiðileyfi næsta sumars. Athugið að frestur til að sækja um veiðileyfi rennur út 13. janúar 2019.

Hvar ætlar þú að veiða í sumar?

Mikilvægar dagsetningar

1/4 Opnun Varmár	29/5 Opnun í Mývatnssveit	20/6 Opnun Straumfjarðará,	27/6 Opnun Úlfarsár (Korpu)
20/4 Sumardagurinn fyrsti	31/05 Opnun í Laxárdal	Haukadalsár, Þverár	28/6 Opnun Efri Flókadalsár
1/5 Opnun Elliðaár, vorveiði	19/6 Opnun Langá	í Haukadal og Laugardalsár	1/7 Opnun Sogs
	20/6 Opnun Elliðaár	25/6 Opnun Gljúfurur	6/7 Opnun Gufudalsár

Úthlutunarreglur veiðileyfa

1. SKILAFRESTUR

Skilafrestur umsókna rennur út sunnudaginn 13. janúar 2019. Umsóknir sem berast eftir að skilafrestur rennur út koma til úthlutunar eftir að annarri úthlutun er lokið.

2. ÚTHLUTUN

Eindagi veiðileyfa sem sótt er um í úthlutun er 10. febrúar. Ef félagsmenn nýta sér ekki úthlutað veiðileyfi ber þeim skylda til að tilkynna skrifstofu það með sannanlegum hætti með tölvupósti eins fljótt og unnt er. Ef keypt eru veiðileyfi í þeim veiðihúsum sem veitt er þjónusta er skylt að kaupa eitt fæði fyrir hverja stöng fyrir alla þá daga sem veiðileyfi gilda.

3. EIN UMSÓKN - EIN STÖNG

Hver félagsmaður á rétt á einni stöng til úthlutunar eða öllu heldur einni stöng í samræmi við þá tímalengd (sölueiningu) sem miðað er við í þeirri á sem um ræðir (eins dags veiði, tveggja daga holl eða þriggja daga holl) fyrir hverja umsókn sem hann skilar inn, svo fremi sem vægi annarra umsókna sé ekki meira og að framboð veiðileyfa sé fullnægjandi.

4. FORGANGSRÖÐUN UMSÓKNA

Byrja skal á að úthluta sterkustu umsókninni (hóp- eða einstaklingsumsókn) um daga eða veiðitímabil á hverju veiðisvæði.

Heimilt skal að flytja til veikari umsókn fyrir sterkari, innan sama veiðisvæðis, en jafnan skal reynt að hafa samband við viðkomandi veiðimenn (eða tengiliði veiðihópa) og bera slíkan flutning undir þá, ef í þá næst.

5. VÆGI UMSÓKNA

Vægi umsókna er reiknað þannig út: A-umsókn gefur 5 stig, B-umsókn gefur 4 stig, C-umsókn gefur 3 stig, D-umsókn gefur 2 stig og E-umsókn 1 stig. Ef um hópumsókn er að ræða, þ.e. veiðifélagar vísa hver í annan og sækja saman um allar stangir veiðisvæðisins, fæst 1 aukastig fyrir umsóknina.

Til að hópur veiðifélaga eigi möguleika á að fá úthlutað öllum stöngum í vinsælli þriggja stanga á, þarf því þrjár umsóknir sem vísa hver í aðra. Öflugustu umsóknirnar ganga fyrir varðandi úthlutun.

Vægi umsókna margfaldast ekki þó að umsóknir séu fleiri en stangafjöldi, þ.e. sex A-umsóknir um þrjár stangir í einn dag eru ekki sterkari en þrjár A-umsóknir.

Þrjú dæmi til skýringar á stigagjöf

Sótt er um allar stangirnar fjórar í Gufudalsá tiltekna dagsetningu.

1. Fjórir einstaklingar sækja um með A-umsókn og vísa ekki hver á annan.

Umsóknin fær 20 stig (5+5+5+5=20).

2. Fjórir veiðifélagar sækja um saman með A-umsókn og vísa hver í annan (hópumsókn).

Umsóknin fær 21 stig (5+5+5+5+1=21).

3. Tveir veiðifélagar sækja um með A-umsókn og tveir með B-umsókn og vísa hver í annan (hópumsókn).

Umsóknin fær 19 stig (5+5+4+4+1=19).

Í þessu tiltekna dæmi er hópur 2 með 21 stig og fær því úthlutunina.

6. UMSÓKNIR EINSTAKLINGA

Ef einstaklingur sækir um eina stöng á tilteknu veiðisvæði á A-umsókn sinni, þá skal honum heimilt að nýta B-umsókn sína til að sækja um aðra stöng á sama svæði. Skal slík umsókn metin jafngild hópumsókn tveggja einstaklinga sem leggja inn A- og B-umsókn og benda hvor á annan.

Til skýringa á stigagjöf

Sami aðili sækir um báðar stangirnar í Andakílsá, A-umsókn og B-umsókn. Umsóknin fær 9 stig og eitt aukastig sem hópumsókn eða samtals 10 stig.

7. JAFNSTERKAR UMSÓKNIR

Í þeim tilvikum þar sem aðilar hafa gefið upp varadagsetningar, er úthlutunarmönnum heimilt að færa hópinn á umræddar varadagsetningar til að koma í veg fyrir drátt, án þess að hafa samband við hlutaðeigandi.

Ef umsóknir eru jafnstærkar, skal hafa samband við alla aðila eða tengiliði veiðihópa, þeim gerð grein fyrir stöðunni og athugað hvort einhverjir geti fært sig. Ef svo er ekki skal draga um hver umsóknanna hljóti úthlutun. Metið er af umsjónarmanni ársvæðis eða stjórn SVFR hvort fulltrúum allra umsókna skuli gefinn kostur á að vera viðstaddir þegar dregið er. Náist ekki í alla fulltrúa, eða þeir mæta ekki, skal starfsmaður skrifstofu eða stjórnarmaður mæta í þeirra stað.

8. SÉRREGLUR UM EINSTÖK VEIÐISVÆÐI

Stjórn SVFR er heimilt að útfæra sértækar reglur sem gilda fyrir tiltekin veiðisvæði en slíkar reglur skal ávallt kynna í söluskrá með því ársvæði sem um er rætt.

9. VAFAATRIÐI

Sé félagsmaður SVFR óánægður með úthlutun sína getur hann, undir umsjón forsvarsmanns úthlutunar á viðkomandi ársvæði, fengið að skoða meðhöndlun umsókna sinnar. Stjórn SVFR ber ábyrgð á úthlutun veiðileyfa og úrskurðar um vafaatriði.

Elliðaár



Elliðaárnar eru perla Reykjavíkur og heimavöllur SVFR. Áin er aðgengileg og hafa margir stigið sín fyrstu skref í veiðinni á bökkum þeirra enda árnar einstaklega fjölskylduvænar. Í Elliðaánum eru 74 veiðistaðir. Það er harla fágætur munaður að geta stundað laxveiðar í miðri höfuðborg í einni gjöfustu laxveiðiá landsins. Félagsmenn þurfa að nýta sér A-umsókn til að eiga möguleika á veiðileyfi á allra besta tímanum, en gera má ráð fyrir að framboð verði minna en eftirspurn fyrir hádegi í flestum vikum í júlí. Félagsmenn sækja um ákveðna viku, eina stöng, annað hvort fyrir eða eftir hádegi. Úthlutunin fer fram með aðstoð tölvu fyrir fyrir opnum dyrum í sal SVFR. Þeir sem ekki fá úthlutað leyfum í fyrstu umferð fara í pott og dregið verður úr honum um laus leyfi.

Á vorin er boðið upp á spennandi silungsveiði efst í Elliðaánum sem marka upphaf veiðitímans hjá mörgum félagsmönnum SVFR.

Dagsetningar	Stangir	FH	EH
21/6 - 24/6	4	18.800	15.700
25/6 - 30/6	4	23.100	18.800
1/7 - 31/7	6	26.300	22.100
1/8 - 10/8	6	23.100	20.000
11/8 - 18/8	6	20.900	17.800
19/8 - 31/8	4	17.700	16.600
1/9 - 15/9	4	15.400	14.400

Vorveiði	Stangir	Verð
1/5 - 5/6	2	7.200

Langá



Langá á Mýrum er ein besta laxveiðiá landsins sem félagsmenn hafa tekið ástfóstri við. Frábær og aðgengileg á með úrvals þjónustu. Heimavöllur gárubragðsins og smáflugnanna sem sprettharður Langárlaxinn er sólginn í.

Tæplega 100 merktir veiðistaðir eru í Langá og fjölbreytni mikil. Leyfilegt er að hirða 3 laxa á stöng á vakt. Skylt er að sleppa öllum laxi yfir 70 sm.

Veiðimenn njóta fæðis og gistingar í veiðihúsinu Langárbyrgi frá upphafi veiðitíma. Á þeim tíma hafa veiðimenn aðgang að vöðlu- og laxageymslu.

Best er að veiða Langá með einhendu, flotlínu og litlum flugum því fiskur liggur oft en ekki á frekar grunnu vatni.

Dagsetningar	Dagar	Stangir	Verð
22/6 - 24/6	2	8	54.900
24/6 - 26/6	2	8	59.900
18/9 - 20/9	2	10	49.900
20/9 - 22/9	2	10	49.900
22/9 - 24/9	2	10	47.900

Gjald fyrir fæði- og gistingu	Verð
24/6 - 28/6	18.900 kr.
28/6 - 23/8	26.900 kr.
23/8 - 17/9	18.900 kr.

Haukadalsá



Haukadalsá hefur verið kölluð hin fullkomna flugveiðiá. Áin er um 7,5 km löng en þó með um 40 merka veiðistaði þannig að hér tekur hver veiðistaðurinn við af öðrum. Í Haukadalsá finnur þú langar stórgrýttar breiður með jöfnu rennsli, straumharða strengi og allt þar á milli. Áin er kjörin fyrir flotlínu og smáar flugur og gárubragði. Aðgengi að ánni er auðvelt og sum svæðin í göngufæri frá veiðihúsinu. Kvóti er einn lax á vakt og eftir það má veiða og sleppa. Skylt er að sleppa öllum laxi yfir 70 sm. Enginn kvóti er á silungsveiði.

Dagsetningar	Dagar	Stangir	Verð
20/6 - 22/6	2,5	5	59.900
22/6 - 24/6	2	5	57.900
24/6 - 26/6	2	5	60.900
26/6 - 28/6	2	5	70.900
28/6 - 30/6	2	5	76.900
1/9 - 5/9	2	5	65.900
5/9 - 9/9	2	5	63.900
9/9 - 11/9	2	5	57.900
11/9 - 13/9	2	5	53.900
13/9 - 19/9	2	5	51.900

Þverá í Haukadal



Dagsetningar	Stangir	Verð
Þriðjudagar + fimmtudagar	1	22.900
Laugardagar + sunnudagar	1	27.900

Laugardalsá




Ný og spennandi laxveiðiá á Vestfjörðum hefur bæst í flóru SVFR. Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi er 16 km löng og rennur úr Laugarbólsvatni, niður Laugardal og til sjávar við vestanverðan Mjóafjörð. Seldar eru í ána 2 stangir í júní og september, en 3 stangir eru í ánni í júlí og ágúst. Gott og rúmlegt veiðihús er við ána þar sem gestir sjá um sig sjálfir við góðar aðstæður. Einungis er veitt á flugu í Laugardalsá.

Veiðileyfi í Laugarbólsvatni og Efstadalsvatni fylgja veiðileyfum í Laugardalsá og því um fjölskylduvænan kost að ræða. Veiðistaðalýsing á Laugardalsá er að finna í vetrarblaði Veiðimannsins nr. 207 en margir hafa heillast af þessari skemmtilegu á. Ólafur E. Jóhansson sem ritar veiðistaðalýsinguna segir m.a.

„Laugardalsá er upplifun, draumur, væntingar, vonir og þrár. Hún er sérlunduð, vonbrigði og áskorun. Dyntótt stundum, en kyrrlát og þrúð, mild og hæg-lát lengst af og óskaplega falleg.“

Dagsetningar	Dagar	Stangir	Verð
21/6 - 24/6	3	2	50.000
24/6 - 27/6	3	2	55.000
27/6 - 30/6	3	2	60.000
30/6 - 3/7	3	3	65.000
3/7 - 6/7	3	3	70.000
20/8 - 26/8	3	2	75.000
26/8 - 29/8	3	2	70.000
29/8 - 4/9	3	2	65.000
4/9 - 7/9	3	2	60.000
7/9 - 19/9	3	2	50.000

Flóðatafla Reykjavíkur



Gljúfurá



Gljúfurá er frábær þriggja stanga laxveiðiá í fögru umhverfi Borgarfjarðar. Veiðistaðir eru fjölmargir og fjölbreyttir og hentar áin afar vel fyrir bæði flugu- og maðkveiði. Gljúfurá er liðlega 20 kílómetra löng á með afar sérstökum upptökum, en hún klýfur sig út úr farvegi Langár um tvo kílómetra fyrir neðan Langavatn. Áin er fiskgeng um 11 kílómetra upp að Klaufhamarsfossi og eru um 60 merktir veiðistaðir í ánni, hver öðrum skemmtilegri, enda fjölbreytnin eitt aðalsmerki árinna.

Dagsetningar	Dagar	Stangir	Verð
25/6 - 26/6	1,5	3	65.600
26/6 - 30/6	2	3	59.400
30/6 - 24/7	2	3	71.400
28/7 - 5/8	2	3	71.400
5/8 - 13/8	2	3	69.900
13/8 - 31/8	2	3	59.900
31/8 - 4/9	2	3	56.900
4/9 - 14/9	2	3	53.300
14/9 - 20/9	2	3	50.900
20/9 - 30/9	2	3	43.900

Straumfjarðará



Straumfjarðará er með nafntoguðustu laxveiðiám landsins og er bæði gjöful og skemmtileg veiðiá. Áin á upptök sín í fjöllum á norðanverðu Snæfellsnesi og dregur vatn í hana úr Baulárvallarvatni og uppsprettum Köldukvíslar í Kerlingarskarði. Einnig renna fjöldi smárra lækja og áa í Straumfjarðará, eftir því sem neðar dregur.

Úlfarsá (Korpa)



Frábær laxveiðiá í fögru umhverfi í landi Reykjavíkur. Áin er um 7 km löng og rennur í bugðum og sveigjum til vesturs og fellur til sjávar í Blika-staðakró. Við Vesturlandsveg skiptir áin stundum um nafn og heitir þar fyrir neðan Korpúlfsstaðaá eða Korpa. Ágætis veiðihús er við ána, en þar er upplagt að fá sér nesti og skipuleggja veiðina. Sótt er um staka daga frá morgni til kvölds og heimilt er að veiða bæði á maðk og flugu. Veiðistaðalýsingu Korpu er að finna í Veiðimanninum nr. 204.

Dagsetningar	Dagar	Stangir	Verð
27/6 - 30/6	1	2	21.600
1/7 - 4/7	1	2	26.600
5/7 - 6/7	1	2	28.600
7/7 - 12/7	1	2	31.600
13/7 - 7/8	1	2	38.600
8/8 - 11/8	1	2	31.600
12/8 - 20/8	1	2	27.600
21/8 - 31/8	1	2	23.600
1/9 - 7/9	1	2	21.600
8/9 - 12/9	1	2	18.600
13/9 - 22/9	1	2	14.600

Dagsetningar	Dagar	Stangir	Verð
20/6 - 22/6	2	4	57.900
24/6 - 26/6	2	4	62.900
26/6 - 28/6	2	4	65.900
28/6 - 30/6	2	4	67.900
5/9 - 9/9	2	4	61.900
9/9 - 13/9	2	4	57.900
15/9 - 17/9	2	4	55.900
Fæðisverð á úthlutunartíma			18.900

Bíldsfell



Í Soginu máttu eiga von á 20 pundurum, það veiðast nokkrir slíkir flest sumur, og bleikjuveiðin stendur í raun allt sumarið.

Veiðisvæði Bíldsfells er víðfemt og fiskar geta leynst víða. Það er ekki fyrir óvana að lesa í vatnið á svæðinu og á það sinn þátt í að skapa leyndardóma Bíldsfells. Þrátt fyrir að áin sé stór og breið þá er hægt að skipta henni upp og veiða hvert svæði eins og verið væri að veiða einn hyl í talsvert minni á. Það er hægt að vaða úti á einum stað, veiða sig niður einn „streng“ og við endann á honum, taka nokkur skref aftur á bak og veiða niður næsta „streng“. Þannig er nánast hægt að segja að Bíldsfells svæðið sé einn samfelldur veiðistaður. Loftmyndir af veiðistöðum Bíldsfells er að finna í Veiðimanninum númer 201.

Víða hentar vel að vera með tvíhundur en það er engan veginn nauðsynlegt og víða eru einhundur besta veiðitækni.

Seldir dagar frá hádegi til hádegis.
Sjá nánar á umsóknarvef SVFR.

Dagsetningar	Dagar	Stangir	Verð
1/7 - 3/7	1	3	27.900
3/7 - 7/7	1	3	33.900
7/7 - 10/7	1	3	40.900
10/7 - 28/8	1	3	48.900
1/9 - 5/9	1	3	42.900
7/9 - 28/9	1	3	37.900

Þrastalundur



Þrastalundarsvæðið á sér marga fasta aðdáendur sem þekkja svæðið og vita hvar ganga má að silungi og laxi. Svæðið er þægilegt yfirferðar og fagurt. Stórlaxar sjást öðru hverju í Kúagili og hafa margir veiðimenn lent í ævintýrum í Þrastalundi. Kjörrið er fyrir fjölskyldur að eyða deginum saman á Þraastalundi og veiði bæði lax og silung.

Dagsetningar	Dagar	Stangir	Verð
1/7 - 13/7	1	3	13.200
14/7 - 10/8	1	3	15.900
11/8 - 28/9	1	3	13.200

Alvirða



Í þessari mestu bergvatnsá landsins, er kjörrið að kasta flugu, bæði stutt og langt. Veitt er frá morgni til kvölds allt tímabilið. Ekki fylgir veiðihús, sem endurspeglast í verði veiðileyfa og vart hagstæðari veiðileyfi að finna. Hér er hægt að æfa tvíhundu-köstin og láta reyna á veiðilukkuna um leið.

Dagsetningar	Dagar	Stangir	Verð
1/7 - 13/7	1	3	13.200
14/7 - 10/8	1	3	15.900
11/8 - 28/9	1	3	13.200

Varmá



Veiditímabilið er langt á bökkum árinna, það hefst strax í apríl og stendur allt fram til 20. október. Hér er gríðastaður fluguveiðimanna en rétt er að taka fram að til þess að hlúa að fiskistofnum þessa viðkvæma vatnasvæðis er kvótinn 1 fiskur á hverja stöng á dag en það má að sjálfsgöðu veiða og sleppa að vild eftir það. Einnig biðlum við til veiðimanna að sleppa þeim stóru og skrá allan veiddan afla í veiðibókina, sem staðsett er í veiðikofa, því enn má bæta skráningu.

Vatnasvæði Varmár er um margt sérstakt en þar má finna allar tegundir íslenskra frskvatnsfiska en sjóbirtingurinn er þó alls ráðandi á svæðinu. Margir stórir staðbundnir urriðar veiðast ár hvert ásamt sjóbirtingum, um og yfir 80 cm. Undanfarin veiðisumur hafa sýnt að áin er komin til baka eftir klórslysið sem hún varð fyrir árið 2007. Það leynast gríðalega stórir og sterkir fiskar í þessari litlu og nettu á. Varmá er tilvalin til að leiða unga veiðimenn inn í undraheim stangaveiðinnar. Veiditímabilið er langt á bökkum árinna, það hefst strax í apríl og stendur allt fram til 20. október.

Dagsetningar	Dagar	Stangir	Verð		
1/4	-	1	6	21.900	
2/4	-	30/4	1	6	14.900
1/5	-	31/5	1	6	11.900
1/6	-	12/6	1	6	10.900
13/6	-	30/6	1	6	7.900
1/7	-	14/8	1	6	10.900
15/8	-	20/10	1	6	15.900

Staðar & Múlatorfa



Laxá er eitt frjósamasta straumvatn á Íslandi og þar má finna einn sterkasta urriðastofn landsins. SVFR hefur á sinni kōnnu tvö af veiðisvæðunum efst í Aðaldal, neðan Laxárvirkjunar, en þar má finna sannkallaða paradís silungsveiðimannsins. Veiðisvæði Múlatorfu eru fjölbreytt og skemmtilegur kostur fyrir þá sem vilja njóta veiða í fallegu umhverfi.

Á þessu fjölbreytta veiðisvæði hafa veiðst stórir silungar, allt að ellefu pund, en mikið af urriðanum er tvö til þrjú pund. Veiðimenn eru hvattir til að hlífa stærri urriðanum og hirða frekar þá minni sem eru mun betri matfiskar. Stórbrotið landslag er í Aðaldalnum og mikið fuglalíf við ána og eru veiðimenn beðnir að taka tillit til þess og ganga varlega um. Veiðisvæðið að Múlatorfu hefur verið að gefa alveg fantagóða veiði undanfarin ár, eða hátt í þúsund silunga árlega.

Vegna bágs ástands laxastofns svæðisins er laxinn friðaður fyrir allri veiði. Slyst lax til að taka fluguna ber að sleppa honum.

Dagsetningar	Dagar	Stangir	Verð		
1/6	-	10/6	1	2+2	14.900
11/6	-	10/8	1	2+2	15.900
11/8	-	10/9	1	2+2	14.900

Laxárdalur



Þeir sem heimsækja veiðisvæðið í Laxárdalnum geta átt von á að veiða stærri urriða en víðast hvar annars staðar. Rúmlega 70% veiðinnar undanfarin ár hefur verið fiskur sem er lengri en 50 sm og heil 20% aflans í Laxárdal er meira en 60 sm langur urriði. Veiðimenn eru vel utan alfaraleiðar og eru því út af fyrir sig í mögnuðu umhverfi Laxárdalsins. Óhætt er að fullyrða að veiðisvæðið í Laxárdalnum er einstakt í sinni röð; umhverfið, vatnið og veiðin skapa órofa heild sem lætur engan ósnortinn. Hér finna menn sig vel hvort sem notaðar eru púpur, straumflugur eða þurrflugur.

Í Laxárdal eru stærri fiskar en víða annars staðar á Íslandi og sé svæðið borið saman við Mývatnssveit þá veiðast færri en stærri fiskar í Laxárdal. Aðgengi er gott í Laxárdal og þar er hægt að keyra að flestum veiðistöðum og frekar einfalt er að vaða á flestum stöðum.

Meðalveiði er um 500 urriðar á ári. Í Laxárdal er veitt og sleppt og skal því öllum urriða sleppt aftur í Laxárdal.

Dagsetningar	Dagar	Verð		
3/6	-	16/6	5-10	25.900
8/8	-	11/8	5-10	25.900
14/8	-	25/8	5-10	20.900

Mývatnssveit



„Aldrei upplifað annað eins!“ Það hafa margir veiðimenn látið þessi orð falla, ekki síst eftir sína fyrstu heimsókn í Mývatnssveitina. Óhætt er að fullyrða að urriðasvæðin í Laxárdal og Mývatnssveit séu einstök á heimsvísu. Þeir sem vilja fá ógnarfallett umhverfi og mikið af urriða þá er Mývatnssveitin rétti staðurinn.

Fyrir utan góða og jafna veiði undanfarin ár þá er áin einstök. Hraðir strengir og fallegir flóar, flúðir og hægfara hyljir; allt í umhverfi sem á engan sinn líka. Þetta er einfaldlega svæði sem allir fluguveiðimenn verða að prófa að minnsta kosti einu sinni á ævinni.

Í Mývatnssveit er meðalstærðin smærri en í Laxárdal en þar veiðast talsvert fleiri fiskar. Aðgengi er erfiðara en í Laxárdal og þurfa veiðimenn að ganga spöl að veiðistöðum á sumum svæðum.

Kvóti er á veiðinni, fjórir urriðar á dag, tveir á hvorum dagsparti. Veiðimönnum er skylt að sleppa smáfiski undir 35cm að lengd og að auki eru menn hvattir til þess að sleppa hrygningarfiski síðsumars.

Dagsetningar	Dagar	Stangir	Verð		
13/7	-	19/7	2-3	4-6	35.900
24/7	-	26/7	2-3	10	35.900
1/8	-	4/8	2-3	5	35.900
20/8	-	25/8	2-3	4-8	30.900

Gufudalsá



Margir hafa tekið sín fyrstu köst í Gufudalsá. Sjógengin bleikja veiðist á svæðinu. Veiðin er mest í kringum eitt pund, en bleikjur allt að fjögur pund hafa veiðst. Þá veiðast alltaf nokkrir laxar. Aðgengi að veiðistöðum er gott og er rúmgott veiðihús með heitum potti. Þar eru sex tveggja manna herbergi, fjögur með rúmum og tvö með kojum.

Holl eru sem hér segir: Tveggja daga holl frá sunnudögum til þriðjudags og þriðjudaga til fimmtudags. Frá fimmtudögum til sunnudags eru hollin þrjá daga.

Gufudalsá er gjöful bleikjuveiðiá tilvalin fyrir alla fjölskylduna. Þarna hafa ungir veiðimenn oft á tíðum stigið sín fyrstu skref í veiðimennsku. Sjógengin bleikja veiðist bæði í ánni og vatninu, mest í kringum eitt pund, en einnig bleikjur allt að fjögur pund. Nokkrir tugir laxa hafa veiðst síðustu árin. Mest veiðist á flugu. Aðgengi að veiðistöðum er gott og gott veiðihús er við ána. Töluvert af veiðinni kemur á land úr Gufudalsvatni en mikilvægt er að það gári aðeins ef fiskur á að taka.

ATH. Dagarnir 4-6 ágúst eru ekki til úthlutunar.

Dagsetningar	Dagar	Stangir	Verð
4/7 - 9/7	2/3	4	18.450
9/7 - 20/8	2/3	4	20.650
20/8 - 10/9	2/3	4	16.650

Efri Flókadalsá



Kvóti er 8 bleikjur á vakt á hverja stöng, en urriði er fyrir utan kvóta. Síðastliðin ár hefur veiðin verið ágæt á þær 3 stangir sem veiða í efri ánni og hefur meðalveiðin verið í kringum 550 bleikjur á því svæði. Kolagrill er við húsið og því þurfa veiðimenn að taka með sér kol og uppkveikilög.

Efri Flókadalsá í Fljótum hefur nú bæst við flóru þeirra vatnasvæða sem Stangaveiðifélag Reykjavíkur býður upp á. Þetta frábæra sjóbleikjusvæði er 3ja stanga svæði og hefur veiðin þar síðastliðin ár verið mjög góð. Sjóbleikja veiðist nær eingöngu á svæðinu, þó svo að lax og urriði slæðist líka upp fram að afréttargirðingu, en umhverfi hennar þykir friðsælt og er áin nokkuð vatnsmikil.

Holl eru sem hér segir: Tveggja daga holl frá sunnudögum til þriðjudags og þriðjudaga til fimmtudags. Frá fimmtudögum til sunnudags eru hollin þrjá daga.

Dagsetningar	Dagar	Stangir	Verð
27/6 - 2/7	2/3	3	18.450
2/7 - 11/7	2/3	3	21.950
15/8 - 3/9	2/3	3	21.950
3/9 - 15/9	2/3	3	18.450

Eldvatnsbotnar



Í Eldvatnsbotnum er að finna góðan stofn sjóbirtinga sem getur náð mikilli stærð. Sumarið 2017 var tekin upp sú regla að öllum fiski var sleppt aftur eftir veiði og virðist það hafa virkað vel. Frá 29. júní - 27. júlí hægt að leigja húsið í viku fyrir rétt rúmar 64 þúsund krónur og er þá hægt að renna fyrir bleikju í vötnunum Fljótbotni og Rafstöðvarlóni sem fylgja svæðinu.

Holl eru sem hér segir: Tveggja daga holl frá sunnudögum til þriðjudags og þriðjudaga til fimmtudags. Frá fimmtudögum til sunnudags eru hollin þrjá daga.

Vinsældir veiðisvæðisins í Eldvatnsbotnum hafa aukist mikið undanfarin ár enda er þar að finna bæði fallegt umhverfi og fína veiði, auk þess sem hægt er að setja í stóra fiska.

Eldvatnsbotnasvæðið er að öðru jöfnu snemmgengara en önnur sjóbirtingssvæði á Suðurlandi og er besti tíminn þar frá því um 10.-14. ágúst og út ágústmánuð.

Dagsetningar	Dagar	Stangir	Verð
28/6 - 26/7	7	1	9.150
26/6 - 15/8	2/3	2	14.990
15/8 - 8/10	2/3	2	18.900



www.svfr.is/2019